

Shinichi Suzuki (1898-1998) var japanskur fiðluleikari,- kennari og heimspekingur. Hann ólst upp í stórri fjölskyldu og faðir hans var hljóðfærasmiður og smíðaði fiðlur. Á unglingsaldri byrjaði Suzuki að kenna sjálfum sér á fiðlu með því að hlusta á upptökur og reyna að herma eftir því sem hann heyrði. Nokkrum árum seinna hóf hann formlegt fiðlunám í Tókýó og þegar hann var 22 ára gamall fluttist hann til Berlínar til frekara náms. Þar dvaldi hann í nokkur ár og á námsárunum kynntist hann konu sinni, Waltraud Prange. Árið 1928 fluttust þau til Japan og fljótlega eftir það fór Suzuki að kenna á fiðlu og byrjaði þar með að þróa kennsluaðferð sína sem átti eftir að breiðast hratt út og verða heimsfræg.

Suzuki kennsluaðferðin byggir á þeirri hugmynd að börn læri tónlist með sama hætti og þau læra móðurmál sitt. Hann komst að því að umhverfið hefði gríðarlega mikilvæg áhrif á nám og kennslu og svo lengi sem það væri hvetjandi, örvandi og kærleiksríkt gætu öll börn lært. Aðferðin byggir á nokkrum grunnþáttum sem skipta miklu máli til að hún skili tilætluðum árangri:

Hlustun

- Einn mikilvægasti þáttur Suzuki kennsluaðferðarinnar er hlustun. Nemendur læra námsefnið eftir eyra með því að hlusta á það daglega. Alveg eins og við lærum móðurmálið okkar með að hafa það í umhverfinu á hverjum degi.

Þátttaka foreldra

- Foreldrar mæta í alla spilatíma og sjá til þess að það sé æft heima og hlustað á hverjum degi. Auk þess mæta þeir í alla hóptíma og á alla tónleika.

Hægt að byrja snemma

- Suzuki taldi að best væri að byrja að kenna börnum snemma þegar næmnin og hæfileikinn til náms væri sem mestur. Algengast er að börnin byrji um 3-5 ára aldur.

Endurtekningar

- Með því að endurtaka æfingar byggjum við upp góða tækni sem verður eðlileg og á endanum án áreynslu og umhugsunar.

Upprifjun

- Mikil áhersla er lögð á upprifjun í Suzuki tónlistarnámi. Gömul lög eru notuð til að kenna nýja tækni ásamt því að upprifjunin eykur færni nemandans og þjálfar minni.

Tónmyndun

- Suzuki lagði mikla áherslu á tónmyndun og er hún í raun forgangsatriði í gegnum allt námið.

Hóptímar

- Tilgangur hóptíma er að virkja félagslega þáttinn. Þar fá nemendur bæði tækifæri til að spila saman og æfa ýmis atriði sem varða tækni og túlkun ásamt því að fá tækifæri til að spila einleik fyrir hvort annað.

Tónleikar og námskeið

- Nemendur fá að koma fram á tónleikum frá unga aldri þar sem megintilgangurinn er að láta þeim þykja það eðlileg og skemmtileg athöfn. Einnig fara fram ýmis námskeið héraendis og erlendis sem nemendur eru hvattir til að sækja.